

Nr. 023 / 10 Skemmtibátur (skúta)***Sekkur í höfn á Hólmavík***

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Hollandi 1974 plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 5,20 m *Skráð lengd:*
Breidd: *Dýpt:*
Vél: Seglbátur með hjálparmótor (utanborðmótor)
Fjöldi skipverja:

Gögn:
Gögn RNS



Skútan©NN

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. febrúar 2010 var skemmtibátur (skúta) við bryggju á Hólmavík. Veður:

Þegar eigandi kom að bátnum var hann sokkinn við bryggjuna og var björgunarsveit fengin til að aðstoða við að ná honum á land.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var gat á bátnum en gluggi á húsi hans var brotinn og talið er að snjór hafi komist þar inn og þyngt hann. Við þetta hafi hann sigið, sjór náð að renna inn í hann um lensigöt á skut og síðan um hurð á húsinu;
- að eigandinn hafði hugað að bátnum tveimur dögum áður og allt verið í lagi þá. Fram kom að mikil snjócoma hefði verið á þessum tíma auk þess sem vindur og vindbára stóð á síðu hans.



Báturinn komin á land©mbl.Kristín S. E.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.